

Mál nr. 229/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns og eiganda ökutækis.

Ágreiningur um hvort vátryggingaratburður telst sannaður.

Gögn.

1. Málskot, móttengið 29.7.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.8.2010.

Málsatvik.

Þann 18. september 2009 leitaði M á heilsugæslustöð og lét þess getið að hann hefði dottið af mótorhjóli þann 21. mars sama ár. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði um komu M á heilsugæslustöðina í umrætt sinn kvaðst M hafa lent einhvern veginn með fótinn undir sér og tognað á hægri ökkla. Hins vegar hafi hann í umrætt sinn leitað á heilsugæslustöðina vegna þess að hann hafi verið í réttum nýlega og misstigið sig á ný á sama ökkla. Við lækni skoðun á M voru við álagspróf smá verkir fyrir neðan “lateral malleolus” og hann var aumur og neðan og framan við “lateral malleolus” og einnig vægt aumur yfir “medial malleolus”. Á röntgenmynd sem tekin var greindust ekki brot en ílöng kalkskella sást aðlægt “lateral malleolus” sem bendir á afleiðingar eftir gömul meiðsl (“trauma”).

Í umboði M til lögmanns síns, dags. 16. mars 2010, segir að ofangreint bifhjólaslys hafi gerst við Björnskot á Skeiðum er hann ók tilteknu bifhjóli ofan í holu og missti stjórn á því með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu og fékk það ofan á hægri fótinn. Bifhjólið var vátryggt lögmælti slysátryggingu ökumanns og eiganda hjá vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr slysátryggingunni vegna þess tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir við óhappið. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engum frekari gögnum er til að dreifa í málinu en að framan greinir varðandi þann vátryggingaratburð sem M kveðst hafa orðið fyrir þann 21. mars 2009 og þau meiðsl sem hann hlaut þá. M virðist ekki hafa leitað til læknis vegna þessara meiðsla fyrr en 18. september 2009 eða tæpum sex mánuðum eftir að atvikið átti sér stað. Svo virðist sem hann hafi leitað læknis vegna meiðsla sem hann hafði þá hlotið skömmu áður í réttum. Á M hvílir sú skylda að sanna að hann hafi orðið fyrir bótaskyldum tjónsatburði. Af fyrirliggjandi málsgögnum þykir sú sönnun ekki hafa tekist. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu bifhjólsins vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 14. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.